



# ÁRSSKÝRSLA



Gunnarsstofnunar

2016



Skriðuklaustur  
Menningarsetur & sögustaður

# Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Ágrip   | 1  |
| Almennt um starfsemina                                | 2  |
| Stærri sýningar og viðburðir                          | 3  |
| Úr viðjum víðis (Willow project) – 19. mars - 24. maí | 3  |
| Undir Klausturhæð og sýning um Gunnar skáld           | 3  |
| Tröll – náttúra og tunga – 26. júní - 31. október     | 3  |
| Sælir eru einfaldir – 25. júlí - 27. júlí             | 4  |
| Málstofa í tilefni 80 ára útgáfuafmælis Aðventu       | 5  |
| Gallerí Klaustur                                      | 6  |
| Sýnendur í gallerí Klaustri 2016                      | 6  |
| Aðrir viðburðir                                       | 7  |
| Tónleikar   | 7  |
| Ýmsir viðburðir                                       | 8  |
| Þjónustusamningar                                     | 9  |
| Samstarfsverkefni                                     | 9  |
| Ferðaklasi Upphéraðs                                  | 9  |
| Vetrarferðaklasinn ÆSA                                | 10 |
| Saga Borgarættarinnar – 100 ára afmæli kvikmyndar     | 10 |
| Útgáfa og upplýsingagjöf                              | 11 |
| Útgáfa  | 11 |
| Heimasíða   | 11 |
| Almenn kynning  | 11 |
| Heimildasafn Gunnars                                  | 12 |
| Menningarsjóður Gunnarsstofnunar                      | 12 |
| Gestaíbúðin Klaustrið                                 | 13 |
| Gestir Klaustursins 2016                              | 13 |
| Endurbætur, viðhald og lóðarframkvæmdir               | 14 |
| Höfundarréttarmál                                     | 15 |
| Menningarminjar - CINE (Connected North)              | 16 |
| Menningarminjar - Nýsköpun                            | 17 |
| Félagsaðild Gunnarsstofnunar o.fl.                    | 18 |
| Önnur stjórnunarstörf forstöðumanns                   | 18 |
| Hugleiðing forstöðumanns                              | 19 |

# Ágrip

Árið 2016 var sautjándi starfsár Gunnarsstofnunar. Opnunartími hefur lengst í takt við fjölgun ferðamanna og var safnið opið nær alla daga frá 1. apríl til loka október. Það hefur í för með sér aukinn launakostnað þar sem þörf er fyrir fjóra sumarstarfsmenn og einn þeirra hefur byrjað fyrr á vorin og hætt síðar á haustin. Starfsemi á Skriðuklaustri árið 2016 var með hefðbundnu sniði og gestafjöldi safnsins svipaður og árið 2015. Talið er að um 35 þús. manns hafi komið á staðinn og tæpur fjórðungur þeirra hafi greitt aðgang að safninu. Engir stórviðburðir voru á árinu en haldið í fasta viðburði eins og píslargöngu, Fljótsdalsdag, rithöfundalest, Grýlugleði og upplestur á *Aðventu* en að auki voru nokkrir fyrirlestra og tónleikar. Stærsti viðburðurinn var leikræn innsetning á *Sælir eru einfaldir* sem sviðslistahópurinn Sviðsverkur vann í júlí. Gunnarsstofnun stóð fyrir málþingi í tilefni 80 ára útgáfuafmælis *Aðventu* í Gunnarshúsi í Reykjavík 7. des. í samvinnu við Rithöfundasamband Íslands.

Sýningar á Skriðuklaustri voru: Páskasýningin *Í viðjum víðis*, hönnunarsýning í samvinnu við Listaháskóla Íslands; sex sýningar voru í gallerí Klaustri; sumarsýning í stásstofu var áfram *Undir Klausturhæð* og sýning um Gunnar var óbreytt en í Franziscuherbergi var opnuð ný sýning, *Tröll - náttúra og tunga*. Dvalargestir gestaíbúðarinnar Klaustursins voru tíu auk nokkurra sem hlupu í skarðið vegna forfalla.

Starfsmenn voru samtals fjórir en allir ráðnir tímabundið og skiluðu þeir ásamt forstöðumanni í fullu starfi alls um 26 mannmánuðum. Að auki var einn starfsmaður á styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna í 3 mánuði að vinna að margmiðlunarverkefni varðandi klausturminjar, en stofnunin hóf á árinu vinnu í margmiðlun til að fræða gesti um klausturminjar með aðstoð snjallsíma.

Starfsmenn voru:

**Skúli Björn Gunnarsson** forstöðumaður í fullu starfi.

**Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir** vann í sex mánuði við gestamóttöku og stjórnun.

**Brynjar Darri Kjerúlf** vann í rúma þrjá mánuði við gestamóttöku, umhirðu og ýmis sérverkefni.

**Hrafnkatla Eiríksdóttir** vann tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.

**Aldís Fjóra Ásgeirsdóttir Borgfjörð** vann tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.

**Sölvi Snær Sigurðarson** vann tæpa þrjá mánuði í margmiðlunarverkefni með styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Stjórn Gunnarsstofnunar hélt fjóra fundi á árinu: 21. mars í Reykjavík, 27. maí í síma, 15. ágúst á Skriðuklaustri og 8. desember í Reykjavík. Ný stjórn var skipuð í ársbyrjun 2015 og í henni eiga sæti:

**Gunnar Björn Gunnarsson** kjörinn formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti

Varamaður hans: **Gunnar Martin Úlfsson**.

**Margrét Jónsdóttir** tilnefnd af Háskóla Íslands

Varamaður hennar: **Hjalti Hugason**.

**Sigríður Sigmundsdóttir** kjörin varaformaður, tilnefnd af Austurbrú ses.

Varamaður hennar: **Björg Björnsdóttir**.

**Oddný Eir Ævarsdóttir** tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands

Varamaður hennar: **Kristín Steinsdóttir**.

**Svanhildur Óskarsdóttir** tilnefnd af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Varamaður hennar: **Rósa Þorsteinsdóttir**.

Rekstrarframlag til stofnunarinnar á fjárlögum nam 35,2 m.kr. Aðrar tekjur námu tæpum 17,4 m.kr. Ríkiseignir tóku yfir viðhald og endurbætur á fasteignum á staðnum gegn mánaðarlegum leigugreiðslum sem mætt var með hækkun á ríkisframlagi til Gunnarsstofnunar.



Sumarið var með besta móti og haustið milt svo að umhverfið skartaði oft sínu fegursta.



Blómin og annar gróður kringum húsið vöktu athygli gesta og snyrtilegt umhverfi umtalað.



Oft var margt um manninn og bílastæði troðfull. Hópar úr skemmtiferðaskipum voru margir.

## Almennt um starfsemina

Starfsemi Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri árið 2016 var áþekkt því sem verið hefur undangengin ár. Fastar sýningar og fastir viðburðir voru á sínum stöðum í dagskránni og starfsemi nokkuð fastmótuð. Meiri tími hjá starfsmönnum fór þó í ný verkefni eins og margmiðlun kringum klausturminjar og þjóðfræðasýningu og útgáfu um austfirsk tröll.

Gestir yfir sumarmánuðina voru ívíð fleiri sumarið 2015 þó að Íslendingum hafi ekki fjölgað í hópnum eins og vonir stóðu til í ljósi hins kalda sumars 2015. Áætlað er að gestir staðarins hafi verið um 35.000 og um fjórðungur þeirra komið inn á safnið. Gjaldskrá var óbreytt, aðgangseyrir einstaklings kr. 1.000 kr. fyrir 17 ára og eldri. Sextán ára og yngri fá frítt og öryrkjar og aldraðir greiða 500 kr. ásamt því að námsmenn fá 25% afslátt. Einnig er veittur hópafsláttur. Eins og árin á undan var leiðsögn um minjasvæðið aðeins í boði fyrir hópa gegn þóknun. Að öðru leyti fara gestir um það svæði sjálfir og lesa sér til á skiltum. Gestir skemmtiferðaskipa voru 2376 og í skipulögðum ferðum á vegum Smyrilline komu um 1200 gestir.

Opnunartími var lengdur. Opið var 6 daga í lok mars kringum páskana og síðan alla daga í apríl. Aðsókn á vormánuðum var betri en árið á undan. Opnunartími lengdist síðan 1. maí í kl. 12-17 og í júní, júlí og ágúst var opið kl. 10-18. Í september styttest aftur opnunartíminn í kl. 12-17. Í október var opið 12 daga, á þriðjudögum og miðvikudögum vegna Norrænuferða og einnig fyrstu tvær helgarnar. Frá byrjun október og til ársloka var samtals opið í um 20 daga kringum fasta viðburði og Norrænuhópa. Alls var opið á Skriðuklaustri um 200 daga af árinu auk þess sem opnað var vegna viðburða eða heimsóknna utan hefðbundinnar opunar nokkra daga.

Sumarstarfsmenn í gestamóttöku í júní til ágúst voru fjórir og skiptu með sér vöktum ásamt forstöðumanni sem einnig stóð vaktir að hluta. Einn starfsmanna hóf störf í apríllok og vann út október og stýrði gestamóttöku og starfsemi á staðnum í samráði við forstöðumann. Starfsmenn gengu að venju í ýmis verk utan þess að taka á móti gestum. Má þar nefna garðvinnu í kringum húsið, slátt á minjasvæði, umhirðu blómabeða, vökvun og slátt á þaki og öll þríf innandyra. Bóndinn á Skriðuklaustri sá um að slá flatirnar við Gunnarshús og stærra svæði yfir aðalsprettutímamann. Þá kom vinnuhópur frá Landsvirkjun í tvo daga og vann með starfsmanni í að hreinsa illgresi úr klausturrústum og setja nýtt kurl í þær.

Þetta var sautjándi sumarið sem Skriðuklaustur er opið fyrir gesti og staðurinn orðinn ágætlega þekktur, bæði sem ferðamannastaður og einnig sem staður til að heimsækja af sérstöku tilefni. Veitingastaðurinn Klausturkaffi hefur skapað sér sérstöðu og dregur ekki síður að gesti heldur en húsið, fornleifarnar og menningarstarfsemin. Nokkuð er um að hópar og félagasamtök skipuleggi ferðir sínar þannig að þeir fái fyrirlestur um Gunnar og Skriðuklaustur og njóti svo veitinga hjá Klausturkaffi. Einnig færirst í vöxt að hópar heimsæki bæði Gunnarshús og Snæfellsstofu.

Klausturreglan var stofnuð árið 2001 fyrir fastagesti og aðra sem vilja styðja við starfsemi Gunnarsstofnunar. Til hennar teljast nú tæplega 120 manns sem greiða fyrir almennan aðgang með árgjaldi en njóta líka afsláttar hjá Klausturkaffi.

# Stærri sýningar og viðburðir

## Úr viðjum víðis (Willow project) – 19. mars - 24. maí

Páskasýning ársins var í samstarfi við Listaháskóla Íslands. Nemar á þriðja ári í vöruhönnun sýndu verkefnið *Úr viðjum víðis* sem var unnið í áfanga sem hét *Stefnumót hönnuða við skógræktarbændur*. Áhersla var lögð á að umbreyta víði á margvíslegan máta og búa þannig til fjölbreytt hráfni með ólíka eiginleika. Einnig var lögð áhersla á nærumhverfið og sjálfbærni. Meðal þess sem sýnt var voru saltsteinn úr víðiösku, tjörugler úr víðivatni og ýmis konar trefjar og pappír. Verkefnið var unnið af: Birtu Rós Brynjólfsdóttur, Birni Steinari Jóhannessyni, Emilíu Sigurðardóttur, Jóhönnu Seelemann, Kristínu Sigurðardóttur, Theodóru Mjöll Skúladóttur, Jack & Védísi Pálsdóttur. Leiðbeinendur voru: Tinna Gunnarsdóttir, Friðrik Steinn Friðriksson og Óskar Kristinn Vignisson. Fagstjóri námsbrautar í vöruhönnun: Garðar Eyjólfsson. Hægt er að nálgast upplýsingar um verkefnið á [www.willowproject.is](http://www.willowproject.is).



Frá opnun á páskasýningunni *Úr viðjum víðis*.

## Undir Klausturhæð og sýning um Gunnar skáld

Meginsýning sumarsins var í grunninn hin sama og sett var upp undangengin þrjú sumur, helguð klaustrinu og rannsókn þess. Sýningin var upphaflega unnin af forstöðumanni í samstarfi við Steinunni Kristjánsdóttur fornleifafræðing, Völu Gunnarsdóttur fornleifafræðing og Ingunni Þráinsdóttur, grafískan hönnuð. Sú breyting var gerð frá sumrinu á undan að sýningu Árnastofnunar um Margrétarsögu var blandað inn í sýninguna í stásstofunni.


Í skrifstofu skáldsins og í raun út um allt húsið var áfram óbreytt sýning um Gunnar Gunnarsson, ævi og verk. Starfsfólk veitti leiðsögn um sýningarnar og sagði frá klaustrinu og Gunnari ásamt fleiru.



Sýningin í stásstofu um klausturtímann er vinsæl meðal ferðamanna.

## Tröll – náttúra og tunga – 26. júní - 31. október

Sett var upp sérsýning í Franziscuherbergi um tröll, unnin út frá austfirskum þjóðsögum. Um leið og hún var opnuð kom út sjötta bindið í ritröð Gunnarsstofnunar, *Austfirsk safirrit*, með austfirskum tröllasögum. Bæði bókin og sýningin voru unnin af starfsfólki Gunnarsstofnunar sem hefur meðal annars þjóðfræðimenntun. Sýningin var sniðin fyrir börn og fullorðna og á henni er bæði brugðið á leik með hljóð og sviðsetningu. Þá fékkst að láni eftirlíking af Krossinum úr Fannardal sem varðveittur er á Norðfirði og tengist fornri tröllasögu þar. Um haustið var ákveðið að leyfa sýningunni að halda sér yfir veturinn og hafa hana opna líka sumarið 2017. Sýningin og útgáfan nutu styrks úr Uppbyggingarsjóði Austurlands.



Tröllasýning var sett upp í Franziscuherbergi Gunnarshúss.


## Sælir eru einfaldir – 25. júlí - 27. júlí

Sviðslistahópurinn Sviðsverkur fékk styrk úr Menningarsjóði Gunnarsstofnunar árið 2015 til að vinna sviðsverk upp úr skáldsögu Gunnars Gunnarssonar, *Sælir eru einfaldir*. Ætlunin var að fara í samstarf við Leikfélag Fljótsdalshéraðs og fá áhugaleikara á Héraði til að vinna með atvinnufólki að sunnan að uppsetningu verksins á Skriðuklaustri. Auglýst var leiklistarsmiðja um mánaðamótin janúar og febrúar en af henni varð ekki vegna dræmrar þátttöku. Verkefnið þróaðist því á annan veg hjá aðstandendum Sviðsverks en lauk með leikrænni innsetningu á Skriðuklaustri dagana 25., 26. og 27. júlí á Skriðuklaustri. Samstarfsaðilar voru Sviðsverks voru Gunnarsstofnun og Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs og hlaut verkefnið styrki frá Uppbyggingarsjóði Austurlands, samfélagssjóði Alcoa og Reginn.

Með framkvæmd verkefnisins fór Sviðslistahópurinn Sviðsverkur sem skipaður er þeim Þorvaldi S. Helgasyni, Hallveigu Kristínu Eiríksdóttur og Evu Halldóru Guðmundsdóttur. Þorvaldur er útskrifaður frá Sviðshöfundabraut LHÍ og stundar framhaldsnám í Ritlist við Háskóla Íslands, Hallveig er útskrifaður leikmyndahöfundur frá Escuela Universitaria de Artes y Espectáculos TAI skólanum í Madríd og Eva Halldóra er útskrifaður sviðshöfundur frá Sviðshöfundabraut LHÍ.

Í sviðsetningu Sviðsverks birtust átökin í bók Gunnars í leikhúsforni þar sem framvindan var sniðin í kringum upplifun og skynjun áhorfandans. Gestum var boðið að stíga inn í heim bókarinnar og upplifa framvindu hennar á eigin skinni í formi leikrænnar innsetningar. Unnið var með rými Skriðuklausturs á gagnvirkán hátt við að endurskapa heim bókarinnar sem áhorfendum gafst svo kostur á að ferðast um og rannsaka á meðan á sýningunni stóð. Verkið var lifandi innsetning í sjö rýmum með hljóðmyndum. Hvert og eitt rými endurspeglaði hvern kafla bókarinnar. Dreginn var fram kjarni verksins og boðskapur þess með abstrakt myndmáli og textinn nýttur í hljóðmyndir. Áhorfendur fengu að ganga frjálssir um rýmin á sínum eigin hraða. Sýningin stóð í þrjá daga auk þess sem innsetning í gallerí Klaustri var uppi í fjórar vikur. Daggestir gátu hlustað á sumar hljóðmyndirnar í heyrnartólum en jafnframt var opið kl. 19-22 þessa þrjá daga og þá voru allar hljóðmyndir keyrðar gegnum hátalara og lýsing naut sín betur. Óhætt er að segja að mögnuð stemning hafi skapast í Gunnarshúsi og gestir orðið fyrir hughrifum. Fjallað var ítarlega um sýninguna á Rás 1 og N4 og í fleiri fjölmiðlum.

Framtíð verkefnisins er óljós en mikill vilji er hjá aðstandendum Sviðsverks fyrir því að nýta þá vinnu sem átt hefur sér stað til frekari sýninga og þá í Gunnarshúsi í Reykjavík. Þegar hefur verið fengið leyfi hjá Rithöfundasambandi Íslands til uppsetningar þar. Sú uppsetning yrði þó trúlega með öðrum hætti.





## Málstofa í tilefni 80 ára útgáfuafmælis Aðventu

Gunnarsstofnun ákvað að efna til málstofu 7. desember í tilefni þess að 80 ár voru liðin frá útgáfu *Aðventu* hjá Reclam forlaginu í Þýskalandi þar sem hún kom fyrst út. Málstofan var haldin í samvinnu við Rithöfundasambandið og valinn staður að Dyngjuvegi 8, í Gunnarshúsi syðra. Ákveðið var að fá framsögumenn til að fjalla um söguna frá ólíkum hliðum. Þeir sem völdust til verksins voru:

Trausti Jónsson veðurfræðingur: *Spjall um veðurlag á aðventu 1925*

Hjalti Hugason guðfræðingur: *Sannfræði og tímaflakk – sálfræðin í Aðventu*

Halla Kjartansdóttir bókmenntafræðingur: *Sjáið manninn!*

Jón Yngvi Jóhannsson bókenntafræðingur: *Ábyrgð á lífi og dauða  
– um menn og dýr á fjöllum*

Gunnarshús fylltist af áhugasömum hlustendum sem tóku virkan þátt í umræðunum að loknum framsöguerindunum sem voru afar fróðleg. Umræðum stýrði Vésteinn Ólason professor emeritus og voru þær fjórlega. Kaffveitingar voru í boði Gunnarsstofnunar og Rithöfundasambands Íslands.

Í tilefni útgáfuafmælisins var fjallað um *Aðventu* á Rás 1 og einnig birtust greinar í dagblöðum. Vakin var athygli á útgáfum sögunnar á nýjum tungumálum og hafði öll þess umfjöllun þau áhrif að *Aðventa* var ofarlega á sölulistum yfir kiljur vikurnar fyrir jól.



Hjalti Hugason að ræða um *Aðventu*.



Fullt hús var á Dyngjuvegi 8 hjá Rithöfundasambandinu á málstofunni um Gunnar sem haldinn var 7. desember 2016.



Libanska listakonan Sandra Issa sýndi pólitísk verk um páskana.



Í júlí var hluti af innsetningunni *Sælir eru einfaldir* í galleríinu.



Ljósmyndarinn KOX á Egilsstöðum var með sýningu um haustið.



Pétur Behrens listmálari sýndi myndir af torfhúsum á Langhúsum.

## Gallerí Klaustur gallerí KLAUSTUR

Sýningar í gallerí Klaustri voru sex þetta árið og færðu gestum órlitla innsýn í ýmsar ólíkar listgreinar.

### Sýndur í gallerí Klaustri 2016

**Sandra Issa** (málverk og teikningar) *From Beirut to Brussel* 19. mars - 8. maí  
Pólitísk myndverk með skírskotunum í ástandið í Mið austurlöndum og í Evrópu. Gestur Klaustursins.

**Erla Björk Sigmundsdóttir** (textílverk) *Rámur Rámason* 14. maí - 31. maí  
Skemmtileg útsaumsverk eftir listamann ársins í hátíðinni *List án landamæra*. Í samvinnu við Safnasafnið.

**Pétur Behrens** (vatnslitir og teikningar) *Langhús* 4. júní - 5. júlí  
Listaverk unnin í Fljótsdal af gömlum torfhúsum sem standa á bænum Langhúsum. Listamaður af Héraði.

**Leikhópurinn Sviðsverkur** (innsetning) *Að morgni sjöunda dags* 8. júlí - 29. júlí  
Hluti af leikrænni innsetningu hópsins sem byggði á *Sælir eru einfaldir* og var sýnd síðar í júlímánuði.

**Eyrún Axels** (teikningar og málverk) *Bræðir – liggja að hjartarótum* 5. ágúst - 31. ágúst  
Myndalistakona frá Bessastöðum í Fljótsdal og sýningin var tileinkuð foreldrum hennar.

**KOX - Kormákur Hafsteinsson** (ljósmyndir) *Uppstillingar* 5. sept. - 31. okt.  
Stílfærðar og sviðsettar ljósmyndir í anda ljósmyndarans sem býr og starfar á Egilsstöðum.





Júníus Meyvant að spila á Fljótsdalsdegi.



Steinunn Kristjánsdóttir að flytja erindi.



Sveinn Þórarinnsson að spjalla um fornsögur.

## Aðrir viðburðir

Auk framantalinnna sýninga var eitt og annað á seyði á Skriðuklaustri þetta árið. **Lomber**, hið gamla sagnaspil sem Gunnar mat mikils, er sem fyrr spilað á nokkurra vikna fresti yfir vetrarmánuðina. Þátttaka í lomburum var góð á árinu en lomburslagur við Húnavetninga í Eyjafirði féll niður öðru sinni vegna veðurs. Ýmist var spilað á Klaustri eða í Bókakaffi í Fellabæ.

**Rithöfundalestin** renndi í hlað á Skriðuklaustri laugardaginn 26. nóvember í venjubundnu samstarfsverkefni Gunnarsstofnunar, Vopnfirðinga, Skaftfells á Seyðisfirði og Ungmennafélagsins Egils rauða á Norðfirði auk þess sem austfirski forlagið Bókstafur var með öðru sinni. Að þessu sinni tóku þátt: Pétur Gunnarsson, Yrsa Sigurðardóttir, Magnús Sigurðsson, Auður Ava Ólafsdóttir og Inga Mekkin Beck. Auk þess lásu austfirsku höfundarnir Íris Randversdóttir og Hrönn Reynisdóttir úr verkum sínum og Svavar Knútur tók nokkur lög. Gunnarsstofnun hafði umsjón með skipulagningu og fjármálum verkefnisins sem naut styrkja frá Uppbyggingarsjóði Austurlands, Alcoa-Fjarðaáli, Síldarvinnslunni, Flugfélagi Íslands og Bílaleigu Akureyrar auk bókaforlaganna. Ekki kom til heimsóknna í skóla þetta árið þar sem veður breytti ferðum.

**Grýlgleði** í byrjun aðventu er fastur viðburður sem ávallt nýtur mikilla vinsælda. Ekki var brugðið út af vananum og sunnudaginn 27. nóvember mættu sagnaálfar og gaulálfar auk þess sem hjónakornin birtust öllum til leiðinda og armæðu. Sjónvarpsfólk frá N4 mætti og tók upp viðburðinn og náði tali af Grýlu sjálfri og sagnaálfinum.

**Síðasti viðburður ársins** á Skriðuklaustri var að venju upplestur á *Aðventu* á þriðja sunnudegi í aðventu. Að þessu sinni las Gunnar Stefánsson útvarpsmaður söguna eystra. Sagan var einnig lesin í Gunnarshúsi í Reykjavík hjá Rithöfundasambandi Íslands af Gunnari Helgasyni leikara og á Icelandair Hótel Akureyri las Pétur Halldórsson fyrrum útvarpsmaður.

Aðsókn á viðburði á Skriðuklaustri var í góðu meðallagi árið 2016. Klausturreglufélagar voru sem fyrr duglegir að mæta.

### Tónleikar

Júníus Meyvant - á Fljótsdalsdegi  
Svavar Knútur

14. ágúst  
26. nóvember



Sagnaálfurinn Dvalinn í sjónvarpsviðtali hjá N4.



Svavar Knútur á stofutónleikum á Klaustri.



Auður Ava les úr bók sinni *Ör* í Rithöfundalestinni.



Gunnar Stefánsson les *Aðventu* í skrifstofu skáldsins í desember.

## Ýmsir viðburðir

|   |                    |
|---|--------------------|
| Lomberkvöld á Skriðuklaustri  | 8. janúar          |
| Leiklistarsmiðja Sviðsverks á Skriðuklaustri (féll niður v. dræmrar þátttöku) | 30. jan. - 2. feb. |
| Lomberkvöld á Bókakaffi   | 5. febrúar         |
| <i>Staða kvenna í fornöld</i> - erindi Sveins Þórarinssonar á Klaustri        | 21. febrúar        |
| Lomberkvöld á Skriðuklaustri  | 26. febrúar        |
| Lomberslagur í Eyjafirði (féll niður vegna veðurs)                            | 12. mars           |
| Lomberkvöld á Skriðuklaustri  | 18. mars           |
| Opnun páskasýningar <i>Úr viðjum víðis</i> á Skriðuklaustri                   | 19. mars           |
| Opnun á sýningu Söndru Issa í gallerí Klaustri                                | 19. mars           |
| Píslarganga föstudaginn langa – frá Valþjófsstað í Klaustur                   | 25. mars           |
| <i>Gull, silfur og fleiri góðmálmar</i> - Erindi Steinunnar Kristjánsdóttur   | 21. apríl          |
| Lomberkvöld á Skriðuklaustri  | 22. apríl          |
| Opnun á sýningu Erlu Bjarkar Sigmundsdóttur í gallerí Klaustri                | 14. maí            |
| Opnun á sýningu Péturs Behrens í gallerí Klaustri                             | 4. júní            |
| Opnun á sýningunni <i>Tröll – náttúra og tunga</i> í Franzisicuherbergi       | 26. júní           |
| Kvöldvaka - verkefni UHK - í Laugarfelli                                      | 29. júní           |
| Kvöldvaka - verkefni UHK - á Óbyggðasetri                                     | 6. júlí            |
| Opnun á innsetningu Sviðsverks í gallerí Klaustri                             | 8. júlí            |
| Kvöldvaka - verkefni UHK - á Skriðuklaustri                                   | 13. júlí           |
| Kvöldvaka - verkefni UHK - á Hótel Hallormsstað                               | 20. júlí           |
| Leikræn innsetning Sviðsverks á <i>Sælir eru einfaldir</i> á Klaustri         | 25. - 27. júlí     |
| Kvöldvaka - verkefni UHK - í Snæfellsskála                                    | 27. júlí           |
| Opnun á sýningu Eyrúnar Axels í gallerí Klaustri                              | 5. ágúst           |
| Fljótisdalsdagur með guðsþjónustu, tónleikum og Þristarleikum                 | 14. ágúst          |
| Opnun á sýningu KOX í gallerí Klaustri  | 1. september       |
| Lomberkvöld á Skriðuklaustri  | 23. september      |
| Lomberkvöld á Bókakaffi   | 21. október        |
| Rithöfundalestin á Klaustri   | 26. nóvember       |
| Stofutónleikar Svavars Knúts á Skriðuklaustri                                 | 26. nóvember       |
| Grýlugleði á Klaustri   | 27. nóvember       |
| Kynning á Fljótisdælu Helga Hallgrímssonar á Skriðuklaustri                   | 4. desember        |
| Málstofa í tilefni 80 ára útgáfuafmælis <i>Aðventu</i> á Dyngjuvegi 8         | 7. desember        |
| <i>Aðventa</i> lesin á Skriðuklaustri   | 11. desember       |
| <i>Aðventa</i> lesin hjá RSÍ á Dyngjuvegi 8 og á Icelandair Hótel Akureyri    | 11. desember       |

## Þjónustusamningar

Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar gerði haustið 2014 þjónustusamning við Gunnarsstofnun sem kveður á um þau verkefni sem forstöðumaður á að sinna fyrir sjóðinn. Samkomulagið gildir til ársloka 2016.

Þjónustusamningur við Fljótsdalshrepp gildir til ársloka 2017. Hann tekur til ákveðinnar þjónustu á sviði ferða- og menningarmála. Innan þessa samnings vinnur Gunnarsstofnun m.a. að Hengifossverkefninu fyrir Fljótsdalshrepp. Stofnunin sér t.a.m. um að gera umsóknir, áfanga- og lokaskýrslur til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Haustið 2016 var efnt til samkeppni um hönnun á þjónustuhúsi og aðstöðu við Hengifoss. Forstöðumaður var ritari dómnefndar. Þá situr forstöðumaður í svokölluðu markaðsráði Austurlands f.h. Fljótsdalshrepps, sem er vinnuhópur kringum verkefnið Áfangastaðurinn Austurland. Jafnframt stýrir Gunnarsstofnun tveimur klasaverkefnum í ferðaþjónustu, m.a. á grundvelli þessa samnings, sem nánar er getið um hér að neðan.



Frá kvöldvöku í Snæfellskála.

## Samstarfsverkefni

### Ferðaklasi Upphéraðs

Ferðamálin voru að venju fyrirferðamikil í samstarfsverkefnum ársins. Ferðaklasi Upphéraðs hélt áfram hefðbundnu samstarfi en fékk að auki styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands til að fara í tilraunaverkefni með kvöldvökur fyrir ferðamenn. Kvöldvökur á Upphéraði voru haldnar á 5 stöðum fyrir 5 ólíka hópa gesta og við ólíkar aðstæður á miðvikudagskvöldum frá 29. júní til 27. júlí. Flytjendur blönduðu saman í tæplega klukkustundar dagskrá, söng og tónlist, sagnamennsku, þjóðlegum fróðleik, dansi og leikjum. Samsetningin var mismunandi og ólíkar áherslur eftir hverjum stað. Alls komu 8 flytjendur fram á kvöldvökunum í það heila en ekki voru allir með alls staðar. Tveimur helstu markmiðum verkefnisins var náð, þ.e.: A. Að mynda kjarnann í hópi af flytjendum sem hefur áhuga og getu til að standa fyrir dagskrám af þessum toga fyrir ferðamenn. B. Að kanna hvernig afslappað form kvöldvökkunnar með þjóðlegum fróðleik og skemmtan, þar sem ekki er flutt stífæfð og þaulskipulögð dagskrá, fellur í kramið hjá erlendum ferðamönnum. Framtíð verkefnisins verður sú að formlegur kvöldvökuhópur verður myndaður með þessum kjarna og



Frá kvöldvöku á Óbyggðasetrinu.



Hringdans á kvöldvöku á Hallormsstað.



Frá kvöldvöku á Hallormsstað.

reynt að bjóða ferðahópum eða ferðamannastöðum að kaupa þjónustu hans. Forstöðumaður Gunnarsstofnunar skipulagði, stýrði og tók þátt í öllum kvöldvökunum.

### Vetrarferðaklasinn ÆSA

tengist Upphéraðsklasanum en í honum eru einnig aðilar utan Upphéraðs. ÆSA klasinn fékk úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Austurlands til að vinna áfram að markaðsetningu á vetrarferðaþjónustu. Í janúar fóru fulltrúar klasans til Dublin og London á ferðastefnumót við ferðaheildasala með Íslandsstofu. Í febrúar 2016 var lokið við að ganga frá markaðsáætlun um vetrarupplifun á Austurlandi og stýrði forstöðumaður Gunnarsstofnunar þeirri vinnu og annaðist umbrot ritsins. Framtíð klasans er aðeins óljós en hugmyndir komnar fram um að halda samstarfinu áfram meðal aðila sem vilja einbeita sér að því að þróa vetrarferðaþjónustu á Austurlandi.



### Saga Borgarættarinnar – 100 ára afmæli kvikmyndar

Eitt af þeim samstarfsverkefnum sem Gunnarsstofnun vinnur að er hvernig 100 ára afmæli dönsku kvikmyndarinnar sem gerð var eftir Sögu Borgarættarinnar árið 1919 og frumsýnd í Kaupmannahöfn í ágúst 1920 verður fagnað 2019 eða 2020. Verkefnið hefur verið í undirbúningi um nokkurra ára skeið en á síðasta ári komst ákveðinn skriður á málið.

Samstarf er við Kvikmyndasafn Íslands og Dansk Film Institut í Kaupmannahöfn. Meginmarkmið samstarfsins er að til verði eins góð stafræn gerð af þessari gömlu þöglu mynd og hægt er miðað við þær kópíur sem eru til af henni. Söfnin hafa nýtt sín tengslanet til að kanna hvort einhvers staðar í heiminum séu kópíur sem ekki hafi verið vitneskja um. Leitin hefur skilað litlum árangri og virðast þessi tvö söfn því búa yfir bestu kópíunum. Á síðasta ári setti DFI kópíu sem er varðveitt í Danmörku í skönnun og greiddi kostnaðinn við það. Erlendur Sveinsson, forstöðumaður KÍ, Thomas C. Christensen, deildarstjóri hjá DFI og forstöðumaður Gunnarsstofnunar funduðu sérstaklega í verkefninu í september 2016. Þá var ákveðið að söfnin ynnu saman að því að finna til bestu kópíur og það yrði síðan á ábyrgð Kvikmyndasafns Íslands að klippa myndina saman, en Erlendur hefur þegar unnið mikla vinnu í því sambandi. Verið er að rannsaka hvaða tónlist var leikin undir við sýningar á myndinni upphaflega, en allt bendir til að það hafi verið íslensk þjóðlög sem flytjendur fengu þá frjálssar hendur með hvernig þeir fluttu.



Byrjað er að bollaleggja um hvernig best verður að minnast 100 ára afmælis myndarinnar þegar þar að kemur. Ekki er talinn mikill grundvöllur fyrir DVD útgáfum en þó verði kannað með einhverjar hátíðarútgáfur af myndinni. Hún verði fyrst og fremst gerð aðgengileg í stafrænu kvikmyndasafni á netinu. Einnig verði farið með hana á kvikmyndahátíð á Ítalíu þar sem gamlar þögla kvikmyndir eru kynntar árlega.

Ljóst er að draga þarf fleiri aðila að þessu samstarfsverkefni og afla fjármagns. Rætt hefur verið við sendiráð Íslands í Danmörku um hvernig best verði unnið með þetta í Danmörku.



## Útgáfa og upplýsingagjöf

### Útgáfa

Gunnarsstofnun gaf út sjöttu bókina í ritröðinni *Austfirsk safnrit* árið 2016. Að þessu sinni var það safn austfirska tröllasagna sem valdar voru úr Þjóðsagnasöfnum. Bókin var gefin út samhlíða sýningu um tröll sem opnuð var í lok júní. Það voru starfsmenn stofnunarinnar, þær Aldís Fjóla Borgfjörð Ásgeirsdóttir Þjóðfræðingur, Hrafnkatla Eiríksdóttir Þjóðfræðingur og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir mannfræðingur sem völdu sögurnar. Forstöðumaður annaðist umbrot. Bókin var prentuð hjá Ásprent - Stíl á Akureyri líkt og fyrri kiljur í þessari ritröð. Uppbyggingarsjóður Austurlands styrkti útgáfuna.



Gunnarsstofnun gaf út sýningarsskrár líkt og vanalega og *Klausturpósturinn* var sendur til Klausturreglufélaga með árskortum að vori. Önnur formleg útgáfa var ekki á vegum stofnunarinnar á árinu. Endurútféið var kynningarkort sem sýnir teikningu af Skriðuklaustri og er með upplýsingum á bakhlið um Skriðuklaustur, Klausturkaffi og Snæfellsstofu. Einnig var prentað nokkuð af því sem póstkorti án upplýsinga.



### Heimasíða

Heimasíðu Skriðuklausturs var haldið við og settar inn nýjar fréttir og fleira á íslensku og ensku. Ekki vannst tími til að vinna í grunnur að nýrri síðu sem unnin var í nýju kerfi árið á undan. Gamla síðan gengur ekki á öll snjalltæki og því mikilvægt að komast í nýtt umhverfi og endurskoða efnið í leiðinni. Árið 2016 heimsótti heimasíðuna 10.519 notendur sem er um 8% fjölgun milli ára. Síðuheimsóknir voru skráðar 31.733 sem er örlítil fjölgun frá árið 2015. Meðaltími hvers notanda inni á heimasíðunni var 1 mínúta og 39 sekúndur sem telst ágætt. Heimsóknir voru 13.222 og af þeim komu 6.945 frá Íslandi sem er svipað og áður, eða 52,5%. Bandaríkjamenn komu þar á eftir (10,2%), síðan Þjóðverjar (5,7%) og Bretar (5,5%). 78,69% heimsókna voru nýjar heimsóknir en að meðaltali var farið 36 sinnum á dag inn á [www.skriduklaustur.is](http://www.skriduklaustur.is). Facebook síðu Skriðuklausturs var haldið lifandi og fjölgar þeim jafnt og þétt sem tengjast henni.

### Almenn kynning

Ekkert nýtt kynningarefni var unnið heldur áfram dreift korti með skemmtilegri skýringarteikningu af Skriðuklausturstorfunni og bæklingur Upphéraðsklasans notaður í frekari dreifingu. Auglýst var í Safnabókinni, Around Iceland, Vegahandbókinni, Kompási, Iceland Review, Við fljúgum og Handpicked Iceland auk vefmiðilsins BeIceland. Viðburðir voru auglýstir í Dagskránni og Austurglugganum. Klausturkaffi auglýsti staðinn í útvarpsauglýsingum.

## Heimildasafn Gunnars

Lítið var unnið í heimildasafni skáldsins á árinu en við það bættust nokkur gögn úr fótum fjölskyldunnar. Fór fram grófskráning á þeim gögnum. Enn er töluvert óunnið í að flokka, greina og skanna þýskar og danskar úrklippur og eftir að færa þau gögn sem þegar hafa verið skráð yfir í gagnagrunna Lbs-Hbs. Áform um að búa til venslaðan gagnagrunn sem bætir aðgengi að öllum gögnum um skáldið og verkum þess standa óhöggud og hafa tæknimál hjá Lbs-Hbs þróast það mikið að samsetning hans er orðin raunhæf. Viðræður voru við safnið um að fara að prófa að keyra inn í gagnagrunn þær úrklippur sem skannaðar hafa verið og flokkaðar. Útbúin var prufa af gögnum fyrir Lbs-Hbs.



Björk Axelsdóttir með bollann hans afa á Knerri.

Gestir Skriðuklausturs koma stundum færandi hendi. Haustið 2016 fékk stofnunin til varðveislu keramikskál sem ku vera kaffibolli afa á Knerri, þ.e. Þórarins Hálfánarsonar móðurafa Gunnars skálds. Björk Axelsdóttir frá Kúskerpi í Refasveit kom með bollann að beiðni móður sinnar, Þorbjargar Bjarnadóttur sem var alin upp hjá afa sínum og ömmu á Bakka í Bakkafirði. Mun bollinn hafa varðveist í gamla húsinu á Bakka allt frá dögum Þórarins.



## Menningarsjóður Gunnarsstofnunar

Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar varð til árið 2013 með fjármagni frá ríkinu sem samsvaraði fallbótum fyrir landi Skriðuklausturs við Jökulsá á Dal vegna Kárahnjúkavirkjunar. Árið 2015 var úthlutað í fyrsta sinn úr sjóðnum til fjögurra verkefna. Sjóðurinn er sjálfstæður en Gunnarsstofnun sér um umsýslu og er það á herðum forstöðumanns. Á heimasíðunni [www.skriduklaustur.is](http://www.skriduklaustur.is) er hægt að sækja umsóknareyðublöð og skýrslueyðublöð ásamt því að skoða fundargerðir, fréttir og reglur.

Í stjórn sjóðsins sátu við árslok 2016:

**Helgi Gíslason** formaður, tilnefndur af Mennta- og menningarmálaráðuneyti.


**Gunnar Björn Gunnarsson**, tilnefndur af stjórn Gunnarsstofnunar

**Sigríður Sigmundsdóttir**, tilnefnd af stjórn Gunnarsstofnunar

varamaður: **Signý Ormarsdóttir**, tilnefnd af stjórn Gunnarsstofnunar.

Stjórn Menningarsjóðs Gunnarsstofnunar samdi við Landsbanka Íslands um ávöxtun á fjármunum sjóðsins árið 2015. Það var ákvörðun stjórnar snemma árs 2016 að ávöxtun hefði ekki verið næg til að réttlæta úthlutun þetta árið. Því var ekki auglýst eftir neinum umsóknum né veitir styrkir úr sjóðnum árið 2016.

Á hinn bóginn var unnið að þremur verkum af fjórum sem hlutu styrk árið 2015 á árinu. Sviðsverkur setti upp leikræna innsetningu á *Sælir eru einfaldir* á Skriðuklaustri. Óskar Vistdal þýddi *Svartfugl* á norsku og dvaldi m.a. um tíma í gestaþúðinni á Klaustri við það. Sigurgeir Orri Sigurgeirsson lauk við fyrstu drög að kvikmyndahandriti fyrir heimildamynd um Gunnar Gunnarsson.



Frá innsetningu á *Sælir eru einfaldir* á Skriðuklaustri.

## Gestaíbúðin Klaustrið

Umsóknir um Klaustrið fyrir árið 2016 voru tæplega 40 og þar af ellefu frá Íslendingum. Árið bókaðist vel og var öllum vikum úthlutað. Óvenjumikil forföll urðu á árinu af óviðráðanlegum aðstæðum. Reynt var að fylla í þau skörð sem mynduðust og tókst það að hluta en einnig var auður tími nýttur til að mála íbúðina. Samtals voru ónýttar vikur í Klaustrinu um tíu yfir allt árið.

Gestir Klaustursins þurftu ekki að greiða fyrir íbúðina og var séð fyrir ferðum til og frá Egilsstöðum eftir þörfum. Alls gistu átta einstaklingar í Klaustrinu og einn leikhópur. Þá gistu nokkrir til viðbótar um skemmri tíma. Blanda lista og fræða var fjölbreytt að venju og vannst mönnum vel á Skriðuklaustri að eigin sögn.

### Gestir Klaustursins 2016

*Hallveig Eiríksdóttir,*

*Eva Hrönn Guðmundsdóttir*

|                                    |                |              |
|------------------------------------|----------------|--------------|
| <i>&amp; Þorvaldur S. Helgason</i> | Ísland         | Leiklist     |
| <i>Sandra Issa</i>                 | Belgía/Líbanon | Myndlist     |
| <i>Þóroddur Bjarnason</i>          | Ísland         | Fræðastörf   |
| <i>Sally Jenkinson</i>             | Bretland       | Ljóðskáld    |
| <i>Oskar Vistdal</i>               | Noregur        | Þýðandi      |
| <i>Bjørn Moe</i>                   | Danmörk        | Fræðastörf   |
| <i>Colin Giola Connors</i>         | Bandaríkin     | Fræðastörf   |
| <i>Robert Thorpe</i>               | Bretland       | Tónskáld     |
| <i>Benoit Canteteau</i>            | Frakkland      | Danshöfundur |

Auk þess gistu eftirtaldir nokkrar nætur í íbúð vegna styttri verkefna:

|                                 |          |                           |
|---------------------------------|----------|---------------------------|
| <i>Steinunn Kristjánsdóttir</i> | Ísland   | Fornleifafræðingur        |
| <i>Katarina Vuorinen</i>        |          |                           |
| <i>Kauko Röyhkä</i>             |          |                           |
| <i>&amp; Olga Välimaa</i>       | Finnland | Ljóðskáld & tónlistarfólk |



Katarina Vuorinen kom ásamt vinum sínum og tók þátt í Litlu ljóðahátíðinni.



Sandra Issa vann þennan skúlptúr á meðan hún dvaldi í Klaustrinu og gaf staðnum.



Margir komu til að hlýða á erindi Steinunnar Kristjánsdóttur á sumardaginn fyrsta.



## Endurbætur, viðhald og lóðarframkvæmdir

Árið 2016 var fyrsta árið sem húseignir á Skriðuklaustri eru undir Ríkiseignum. Gunnarsstofnun greiðir fasta fermetraleigu á mánuði fyrir allar byggingarnar sem eru í umsjón stofnunarinnar og í staðinn sjá Ríkiseignir um allt viðhald og endurbætur. Samstarfið við Ríkiseignir gekk vel og voru í upphafi árs lagðar línur um hvað væri brýnast að fara í. Komu framkvæmdastjóri Ríkiseigna, Snævar Guðmundsson, og tengiliður við Austurland, Kristján Þórarinsson, á fund á Skriðuklaustri snemma árs vegna verkefna.

Til þess að bæta ásýnd útihúsa voru þau máluð í klassíkum grænum þaklit og með hvítum veggjum. Einnig var framhlið Gunnarshúss máluð og allt innandyra á efri hæð Skriðu. Þá var gestaþúð máluð og aðaleldhús í Gunnarshúsi.

Utandyra var farið í að rétta af hlaðinn steinvegg við stéttina framan við Gunnarshús en hann var farinn að halla ískyggilega mikið. Var gengið betur frá á bak við hann með frostfrú efni þannig að slíkt endurtaki sig ekki. Minni plöntum var komið fyrir í beðinu heldur en voru þar fyrir. Stétt við endabílastæðis var einnig löguð þannig að göngustígur úr trjágöngum tengdist betur við stéttir að húsinu.

Lagfæringar voru gerðar á miðstöðvarkerfi í Gunnarshúsi og byrjað að huga að varmadællausnum og eru Ríkiseignir með þau mál í könnun.

Hafist var handa við að taka svalirnar á Gunnarshúsi í gegn með djúpum viðgerðum og nýjum múr. Mun það verk taka allt næsta ár en er nauðsynlegt þar sem steinar eru að losna og svalirnar að springa.

Lokið var við að laga kringlóttu gluggana á göflum Gunnarshúss og einnig hreinsaður gróður úr og við þakrennur hússins. Var sú aðgerð unnin fyrir afgang af styrk úr Húsafriðunarsjóði sem geymdur var milli ára en að öðru leyti voru allar framkvæmdir kostaðar af Ríkiseignum.




Viðgerðir hófust sumarið 2016 á svölum Gunnarshúss.



Veggur við suðurverönd sem farinn var að halla var réttur af.





## Höfundarréttarmál

Samkomulag erfingja um vistun höfundarréttarins hjá Gunnarsstofnun gildir til 2017. Unnið var eftir útgáfuáætlun svo sem kostur var. Árið 2016 var skrifað undir samning um *Aðventu* við tékkneska forlagið Kalich sem gaf verk Gunnars út á 5. áratug síðustu aldar. Á árinu komu út:

**Á arabísku:** *Aðventa* í nýrri þýðingu hjá Dar al-Muna forlaginu í Svíþjóð sem Mona Henning stýrir. Teikningar Gunnars yngri prýða bókina.

**Á hollensku:** *Aðventa* í nýrri þýðingu Annelies van Hees undir heitinu *De Goede Herde*. Útgefandi Lebowski publishers. Eftirmáli Jóns Kalmanns er í bókinni og teikningar Gunnars yngri.

**Á ítölsku:** *Aðventa* í nýrri þýðingu Mariu Valeriu d'Avino undir heitinu *Il pastore d'Islanda*. Útgefandi er Iperborea. Formáli eftir Jón Kalmann og eftirmáli eftir Alessandro Zironi.

**Á norsku:** *Aðventa* í nýrnorskri þýðingu Óskars Vistdal. Útgefandi er Samlaget. Eftirmáli Óskars Vistdal og teikningar Gunnars yngri prýða bókina.


**Á ensku:** Endurútgáfa Bjarts á bandarísku útgáfunni af *The Good Shepherd* til sölu á Íslandi.



**Á íslensku:** *Saga Borgarættarinnar* í kilju frá Bjarti í lokagerð frá hendi höfundar.

Monica C. Gram hjá dönsku umboðsskrifstofunni Copenhagen Literary Agency, sem fer með málefni Gunnars, hélt áfram að kynna hann fyrir erlendum forlögum. Sérstök áhersla er nú lögð á að ná samningum við forlag sem er reiðubúið að gefa út nýja þýðingu á *Aðventu* á ensku en það gengur illa. Fyrir liggur að Philip Roughton þýðandi hefur mikinn áhuga á að þýða *Aðventu* og fleiri verk Gunnars á ensku fyrir nýjar útgáfur.

Forstöðumaður ræddi áfram við bókaforlagið Bjart um gjafaútgáfur á *Aðventu* og *Drengnum* með óbirtum myndskreytingum eftir Gunnar yngri. Forsvarsmenn Bjarts eru með málið í skoðun og vonandi næst niðurstaða í það árið 2017. Gunnarsstofnun mun að líkindum skuldbinda sig til að kaupa ákveðinn hluta af upplaginu til að liðka fyrir með útgáfu.



*Aðventa* var um tíma í efsta sæti metsölulistans yfir kiljur í desember hjá Eymundsson.

## Menningarminjar - CINE (Connected North)

Gunnarsstofnun hóf formlegt samstarf árið 2015 við skoska og norska aðila vegna margmiðlunarverkefnis sem tengist miðlun á menningarminjum. Verkefnið hlaut undirbúningsstyrk úr NPA-áætlun Evrópusambandsins og var hann nýttur til að móta stærra verkefni sem sækja skyldi um í áætlunina 2016.

Árið 2015 sótti forstöðumaður tvo vinnufundi, annars vegar í Helmsdale í Skotlandi í október og hins vegar í Lofoten í Noregi í nóvember en vinnufundur á Íslandi var haldinn á Skriðuklaustri í janúar 2016. Á hann komu fulltrúar frá Museum Nord í Lofoten í Noregi, Timespan menningarmiðstöð í Helmsdale og St. Andrews háskólanum í Skotlandi. Auk þess fulltrúar frá íslenskum samstarfsaðilum Gunnarsstofnunar um verkefnið, þ.e. margmiðlunarfyrirtækinu Locatify og Minjastofnun. Kostnaður við þessar ferðir var dekkjaður með undirbúningsstyrknum frá NPA.

Árið 2016 fór í að koma saman sterkri umsókn fyrir 3ja ára verkefni með heildarkostnað upp á um 2 milljónir evra. Vegna Brexit í Bretlandi var umsóknarrestur framlengdur fram í nóvember og því gafst aukið svigrúm til að vinna umsóknina. Fyrir tilstuðlan Gunnarsstofnunar bættust í hópinn tveir sterkir aðilar í Donegal á Írlandi. Annars vegar Donegal County Museum sem verið hefur í samstarfsverkefnum með Austurlandi og Vesterálen. Hins vegar The Discovery Programme sem vinnur með miðlun og nýsköpun á sviði menningarminja. Í Noregi og Skotlandi bættust einnig við samstarfsaðilar. Og á Íslandi munu samstarfsaðilar undir Gunnarsstofnun verða: Minjastofnun Íslands, Locatify, Fljótsdalshreppur, Vatnajökulsþjóðgarður og Óbygðasetrið.

Lokafundur til að vinna saman að gerð umsóknarinnar var haldinn um miðjan október í Kaupmannahöfn í Jónshúsi og sótti forstöðumaður hann. Jafnframt kynnti forstöðumaður forverkefnið á fundi Bygðastofnunar sem haldinn var fyrir íslenska aðila sem hafa unnið í NPA-verkefnum á Hótel Hamri í Borgarnesi um miðjan nóvember. Þá sagði forstöðumaður einnig frá þessu verkefni á málþingi á Hótel Héraði um minjar sem haldið var á vordögum 2016.

Verkefnið fékk á endanum heitið *Connected Culture and Natural Heritage in Northern Environment (CINE)*. Það snýst í hnotskurn um að finna leiðir til að miðla betur þekkingu á fortíðinni og menningarminjum með nýjustu tækni. Þannig verður unnið með 360 gráðu ljósmyndir og 360 gráðu myndbönd, sýndarveruleika, gagnaukinn veruleika og fleira sem hægt er að nýta í snjalltækjum og í öðru formi til að gefa gestum upplýsingar og upplifun á staðnum eða heima í stofu. Búin verða til verkfæri, handbækur og kennsluefni sem nýtast munu ekki síst minni söfnum til að safna og koma á framfæri sínu efni á nýjan og spennandi hátt.

Museum Nord í Norður-Noregi leiðir verkefnið en Gunnarsstofnun mun stýra einum verkþætti ásamt Írum sem lýtur að því hvernig hægt er að nýta nýja tækni við betri gagnöflun um menningar- og náttúruminjar, t.d. í samhengi við skipulag. Skoðað verður hvernig hægt er að virkja almennung til slíkrar öflunar. Einnig er liður í þessum verkþætti að finna leiðir til að nýta leiki fyrir snjallsíma í meira mæli til að fræða ungmenni og aðra gesti um menningarminjar. Þannig verði skoðað hvernig fjársjóðsleit, hlutverkaleikir og fleira megi nýtast í þeim tilgangi og útfærast í smáforritum fyrir snjallsíma. Á Íslandi verður fyrst og fremst unnið með minjar Skriðuklausturs og nágrenni þeirra.

Skemmst er frá því að segja að umsóknin hlaut náð fyrir augum þeirra sem rýndu umsóknirnar og kom það í ljós í mars 2017. Verkefnið fer af formlega af stað 1. ágúst 2017. Hluttur Gunnarsstofnunar eða Íslands í kostnaðaráætlun fyrir 2017-2020 hljóðar upp á um 170.000 evrur eða um 20 [m.kr.](#) Af því fást 60% endurgreidd sem styrkur úr NPA-áætluninni. Mótframlag er reiknað í öðrum styrkjum og vinnuframlagi. Af þessum heildarframlagi eru hluti einnig vegna ferðakostnaðar og þátttöku íslenskra samstarfsaðila.



Frá vinnufundi í Jónshúsi í Kaupmannahöfn í október 2016.

# Menningarminjar -

## Nýsköpun


Gunnarsstofnun vann af krafti í því árið 2016 að taka fyrstu skref í nýju aðgengi að klausturminjum á Skriðuklaustri með nýjustu tækni. Gert var samkomulag við SMART History, sem er afsprengi tölvudeildar St. Andrews-háskólans í Skotlandi sem einbeitir sér að miðlun menningarminja. Samkomulagið snerist um endurgerð á Skriðuklaustri hinu forna í sýndarveruleika og gerð einfalds smáforrits fyrir gesti til að skyggast inn í fortíðina á staðnum. Þetta samstarf er í raun hluti af NPA-verkefninu og mun falla inn í það þegar CINE hefst.



Rauðu punktarnir sýna valda útsýnisstaði sem nú eru til í sýndarveruleika.

Gunnarsstofnun fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands til að vinna að slíkum Söguhjúp fyrir snjalltæki og einnig fékk stofnunin 3ja mánaða styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að vinna að upplýsingaöflun og myndatökum fyrir smáforrit og prufukeyra það á gestum. Í verkefnið var ráðinn Egilsstaðabúinn Sölvi Snær Sigurðarson sem stundar nám við háskólann í Steinkjer í Noregi. Vann hann að því undir stjórn forstöðumanns og var í sambandi við sérfræðinga í St. Andrews.

Dr. Alan Miller og sérfræðingar hans við St. Andrews háskólann í Skotlandi unnu nýtt þrívíddarlíkan af klausturbyggingunum eins og talið er að þær hafi litið út. Sú vinna byggði á líkaninu sem Vala Gunnarsdóttir fornleifafraeðingur vann fyrir sýningu 2012. Notast var við opin hugbúnað Unity3D og Google Sketch til að vinna líkanið. Það var síðan sett inn í náttúrulegt umhverfi Fljótsdalsins m.v. gróðurfar á miðöldum. Þar sem fjármagn var af skornum skammti var ákveðið að einblína á að búa til nokkurra skoðunarstaði í og við rústirnar og samsvarandi staði í þrívíddarlíkaninu sem gerði gestum kleift að upplifa fortíðina gegnum 360° myndir á staðnum. Valdir voru nýu útsýnispunktar og teknar 360° myndir í rústunum og síðan einnig í sýndarlíkaninu. Tekin var upp hljóðleiðsögn dr. Steinunnar Kristjánsdóttur fyrir þessa nýu staði og við sama tækifæri voru tekin upp myndbönd af henni í hverju rými rústanna þar sem hún útskýrði hvaða hlutverki þau gegndu.



Útsýnið frá einum útsýnispunktanna í hinu nýja þrívíddarlíkani.

Smíðað var smáforrit fyrir snjallsíma þar sem bæði er hægt að skoða útsýnisstaðina í nútíð og fortíð í þrívídd með hjálp svokallaðra Google gleraugna sem símanum er komið fyrir í. Fortíðarmyndunum fylgir hljóðleiðsögn og stuttir textar. Eitt af hlutverkum námsmannsins var að prófa þessa tækni á gestum sem komu á minjasvæðið og gera könnun á upplifun þeirra. Niðurstaðan var sú að fólki fannst mikið til koma og upplifunin var sterkt, sérstaklega þegar menn stóðu í rústunum sjálfum og lituðust um með aðstoð snjallsíma og Google gleraugna.

Þrívíddarmyndirnar voru jafnframt settar inn í opið þrívíddarumhverfi á netinu sem kallast RoundMe ([www.roundme.com](http://www.roundme.com)) Þar er hægt að skoða þessar 360° myndir úr nútíð og fortíð og lesa stutta texta um minjarnar. Jafnframt voru teknar yfirlitsmyndir af minjasvæðinu með drónum, bæði að vetri og sumri, sem hægt er að nýta til frekari miðlunar.



## Félagsaðild Gunnarsstofnunar o.fl.

Gunnarsstofnun er aðili að **Samtökum um söguferðaþjónustu (SSF)**. Forstöðumaður situr sem gjaldkeri í stjórn samtakanna og hefur verið það frá stofnun þeirra 2006. Markmið samtakanna er að skapa þessari tegund ferðaþjónustu samstarfsvettvang til samstarfs og markaðssetningar. Samtökin hafa verið með samning við ráðuneyti ferðamála síðustu árin. Þau eru nú þátttakandi í stóru Evrópuverkefnið sem heitir *Follow the Vikings* og ber forstöðumaður ábyrgð á fjármálalið samtakanna í verkefninu sem stýrt er frá Hjaltrandseyjum. Forstöðumaður sótti engan fund eða vinnustofu í FTV á þessu ári. Hann sótti hins vegar og tók þátt í að skipuleggja 10 ára afmælisráðstefnu samtakanna sem haldin var í Norræna húsinu 29. apríl.



Forstöðumaður Gunnarsstofnunar hefur gegnum árin verið með **Ormskrínið** í sínum skúffum þó að lítil starfsemi hafi verið í félaginu. Hann sér m.a. um að setja efni inn á heimasíðu félagsins, [www.lagarfljotsormur.com](http://www.lagarfljotsormur.com) og reynir að vekja athygli á arfleifð þessarar lifandi goðsagnar.



Gunnarsstofnun á hagsmunaaðild að **Austurbrú ses.** gegnum samstarfssamning við stoðstofnunina. Frá ársfundi í maí 2013 hefur forstöðumaður setið í starfsháttanefnd stofnunarinnar og gegnt þar formennsku.



SÖKNARÁÆTLUN  
AUSTURLANDS

Forstöðumaður tók að sér tímabundna formennsku í stjórn **Uppbyggingarsjóðs Austurlands** frá vori og til hausts 2016. Stjórnin fékk það hlutverk að endurskipuleggja starfsemi sjóðsins og skýra regluverkið kringum hann í takt við Söknaárætlanir landshlutanna. Var unnið að því yfir sumarmánuðina og að hausti skilaði stjórnin af sér tillögum sem síðan voru samþykktar af Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi. Um leið var skipað í nýja stjórn enda lá fyrir að Gunnarsstofnun yrði ella útilokuð frá öllum umsóknum í sjóðinn vegna vanhæfis forstöðumanns.

Gunnarsstofnun fékk vottun Ferðamálastofu árið 2014 og flaggar nú fána **Vakans**. Það þýðir að Skriðuklaustur uppfyllir ákveðnar reglur og fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru til aðila í Vakanum. Skriðuklaustur varð fyrst staða á landinu til að fá vottun út á sértæk viðmið fyrir sögu- og menningarferðaþjónustu. Markmiðið er að taka einnig upp umhverfisvottun Vakans og var unnið að því árið 2016.

### Önnur stjórnarstörf forstöðumanns

Forstöðumaður stofnunarinnar situr í skólanefnd **Menntaskólans á Egilsstöðum** og hefur verið formaður þar frá 2013.



# Hugleiðing

## forstöðumanns

Í desember 2017 verða liðin 20 ár frá því að Björn Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, setti fyrstu reglur um Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri. Og á næsta ári verða liðin 70 ár frá því að íslenska ríkið þáði Skriðuklaustur að gjöf frá Gunnari og Franziscu. Þannig líða árin. Óhætt er að fullyrða að markmiðið um að byggja upp öflugna menningarstofnun úti í sveit austur á landi hafi tekist og gjöf



Stjórn Gunnarsstofnunar ásamt forstöðumanni: F.v. Oddný Eir Ævarsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Gunnar Björn Gunnarsson og Skúli Björn Gunnarsson.

þeirra hjóna verið sýndur verðskuldaður sómi í leiðinni. Gunnarsstofnun hefur vaxið fiskur um hrygg frá því hún varð til þó að alltaf megi gera betur. Starfsemin er orðin býsna fastmótuð og stofnunin tekst á við margþætt hlutverk sitt eftir eignum og ástæðum. Sem sjálfseignarstofnun hefur Gunnarsstofnun meira svigrúm heldur en mörg ríkisstofnunin og getur leyft sér að takast á við fleira heldur en skylduverkefni. Eitt mikilvægasta hlutverk stofnunarinnar er hafa umsjón með Skriðuklaustri sem sögustað og vaxandi áfangastað ferðamanna. Sú þjónusta tekur til sín drjúgan hluta af vinnuorku stofnunarinnar sem þiggur í staðinn sértekjur af gestakomum. Áætlanir um tugi þúsunda gesta sem settar voru fram við opnun menningarsetursins árið 2000 þóttu nokkuð bjartsýnar en hafa gengið eftir. Og nú er svo komið að huga þarf að því hvernig mæta á frekari fjölgun enda Skriðuklaustur orðinn kjarnastaður í viðkomu ferðamanna með Snæfellsstofu til viðbótar við Gunnarshús og klausturminjar. Til stendur á þessu ári að hefja vinnu þarfagreiningarnefndar vegna húsnæðis og aðstöðu. Er það afar brýnt þar sem nú eru fasteignir á staðnum komnar undir Ríkiseignir og nauðsynlegt að gera langtímaáætlanir varðandi endurbætur, viðhald og viðbyggingar.

Miðaldasaga staðarins er ekki síður forvitnileg heldur en ævintýralegt lífshlaup Gunnars. Minjasvæðið hefur verið í umsjá Gunnarsstofnunar frá 2012 samkvæmt samkomulagi við Minjastofnun Íslands. Engir fastir fjármunir hafa hins vegar fylgt þeirri umsjón. Þá hefur stofnunin allt frá 2012 lagt stásstofu Gunnarshúss undir sýningu um klaustrið og rannsóknina á því. Klaustursaga staðarins hefur þannig tekið æ meira pláss í allri starfsemi og nú er Gunnarsstofnun orðin aðili að 3ja ára stóru Evrópuverkefni sem snýst um margmiðlun og menningarminjar, ekki síst vegna klausturminja. Það er því mikilvægt að við endurskoðun á samningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Gunnarsstofnunar, sem fram fer á árinu, verði hugað sérstaklega að þessum þætti í starfseminni og ríkið sinni skyldum sínum gagnvart klausturrústunum og sögu þeirra. Við þarfagreiningu þarf að hafa í huga að saga klaustursins fái gott rými og eins hvort ekki sé rétt að efla fræðastarfið á staðnum með því að setja þar niður miðstöð klausturrannsókna.

Gunnarsstofnun hefur átt í vök að verjast eftir að hún varð sjálfseignarstofnun árið 2008. Fjárframlög gegnum samninga við ríkið hafa engan veginn haldið í við verðlagsþróun. Fyrir vikið situr stofnunin uppi með neikvæðan höfuðstól sem er fyrst og fremst til kominn vegna viðhalds og endurbóta á húsnæði. Sem betur fer er loksins búið að koma fasteignum staðarins inn til Ríkiseigna og hækkuðu fjárframlög til Gunnarsstofnunar í takt við það á fjárlögum 2017. Eigi að rétta höfuðstól stofnunarinnar af með tekjuafgangi einum saman mun það hins vegar hefta starfsemina áfram um margra ára skeið. Og það á tíma sem stofnunin þyrfti virkilega að ná að komast úr því að vera einmenningsstofnun sem nær ekki fullum þroska sökum þess að verkefni eru öll á borði eins forstöðumanns.

Í ár þarf að gera nýjan samning við ríkið og ég er bjartsýnn á að Gunnarsstofnun njóti sannmælis í þeirri samningagerð og Skriðuklaustur muni fá að vaxa áfram sem mikilvægur staður í menningarsögu þjóðarinnar. Verkefni eru ærin og kyrrstaða er ekki valkostur.

Skriðuklaustri 7. maí 2017.

Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður